



Tillaga	A 1935/UVU Þingmannatillaga um breytingar á verðlagningu á raforkumarkaði
Flytjandi	Norrænt frelsi
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

A 1935/UVU Þingmannatillaga um breytingar á verðlagningu á raforkumarkaði

Norrænt frelsi leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

Að stuðla að því breytingar verði gerðar á rekstri og verðlagskerfi raforkumarkaðarins á þann hátt að hrein orka sem er framleidd ódýrt á Norðurlöndum verður áfram á hagstæðum kjörum fyrir neytendur á svæðinu, en dýr og óhrein raforka sé dýr eingöngu þar sem hún er framleidd;

- Að stuðla að því að norræn stjórnvöld gangi til samninga við orkugeirann í þeim tilgangi að efla norrænt samstarf og hlífa almenningi við til að mynda kostnaði af völdum mistaka í orkustefnu Þýskalands.

Bakgrunnur

Almenningur á Norðurlöndum fylgist vel með þróun raforkuverðs. Undirrótin að hækkandi raforkuverði og hvernig hætt er við að það þróist er sú hugmyndafræðilega orkustefna sem tíðkast hefur í Evrópu, þar á meðal á Norðurlöndum, allt frá aldamótum.

Kjarnorkuver hafa ýmist verið lögð niður (í Svíþjóð og til dæmis Þýskalandi) eða ekki hefur fengist leyfi til að reisa ný (Finnland) á sama tíma og dregið hefur verulega úr hitaorku.

Vind- og sólarorka hefur aukist verulega án þess að tryggð hefur verið sambærileg grunnorka og breytileg orka í löndunum. Fólk hefur treyst á að sú orka sem fæst ekki í myrkri, kulda og logni verði fánleg með innflutningi frá nágrennalöndunum eða hún verði framleidd með gasi eins og ráðgert er í Þýskalandi.

Þessi þróun gerði Rússum kleift að nota orku í vopnaskyni. Gott dæmi um skammsýna orkustefnu er að Svíþjóð og Finnland eru innbyrðis háð innflutningi.



Norrænt frelsi leggur til að gerðar verði breytingar á rekstri og verðlagskerfi raforkumarkaðarins á þann hátt að hrein orka sem framleidd er ódýrt á Norðurlöndum verði áfram á hagstæðum kjörum fyrir neytendur á svæðinu en dýr og óhrein raforka verði dýr eingöngu á því svæði sem hún er framleidd.

Verðið sem neytendur greiða skuli vera verð á ódýrri hreinni orku og dýrri óhreinni orku að því marki sem þær eru í notkun á því svæði sem neytendur búa.

Norrænt frelsi leggur til að norræn stjórnvöld gangi til samninga við orkugeirann í þeim tilgangi að efla norrænt samstarf og hlífa almenningi við til að mynda kostnaði af völdum mistaka í orkustefnu Þýskalands.

Stjórnvöld í norrænum aðildarlöndum ESB verða að taka höndum saman um að knýja áfram nauðsynlegar breytingar á reglum ESB og innleiða þær einhliða eftir þörfum.

Reykjavík, 6. september 2022

Angelika Bengtsson (SD)

Aron Emilsson (SD)

Lulu Ranne (saf)

Mette Dencker (DF)

Riikka Purra (saf)

Sebastian Tynkkynen (saf)

Staffan Eklöf (SD)

Vilhelm Junnila (saf)